

Leikskólinn Klappir



Söngmappa fyrir eldri nemendur

Efnisyfirlit yfir lögín okkar

Haust vísur og fleiri lög í leikskólastarfi.....	5
Könguló, könguló	5
Vikudagarnir.....	5
Dagavísa og mánaðavísa	6
Tröllalagið	6
Hver var að hlæja.....	6
Skýin	7
Tröllin og ljónin.....	7
Í leikskóla er gaman	8
A og B.....	8
Hjólin á strætó.....	9
Gull og perlur	10
Krummi krunkar úti.....	10
Fingrapula	11
Kisutangó.....	12
Do re mí	12
Hvert er horfið laufið?.....	13
Sumri hallar.....	14
Út um mó	15
Ef okkur langar lífið að léttu.....	15
Sigling	16
Komdu nú með inn í álfanna heim	17
Bátasmiðurinn	17
Við erum söngvasveinar	18
Klói Kattarskrækur	18
Vetrarvísur og fleiri lög í leikskólastarfi	19
Fiskarnir tveir	19
Flakið	20
Lítill heimur.....	20

Krúsilíus	21
Geimlagið.....	22
Lonníetturnar.....	23
Nú skal syngja um dýrin	24
Tveir kettir	25
Nammilagið	26
Lítið lasið skrímsli.....	27
Hresstu þig við	28
Drekalagið (<i>Skrímslið litla systir mín</i>).....	28
Hlusta nú (<i>Skrímslið litla systir mín</i>).....	29
Frost er úti.....	29
Óskasteinar.....	30
Takk fyrir mig	30
Ég langömmu á.....	31
Myndin hennar Lísu	31
Á Sprengisandi.....	32
Krummi svaf í klettagjá.....	33
Þorraþræll	34
Veturinn.....	37
Íslenskuljóðið	38
Nú sefur jörðin.....	38
Hún er amma mín (<i>Friðrik Ómar og Jógvan</i>).....	39
Ef sérðu krókódíl	40
Vor- og sumarlög í leikskólastarfi.....	41
Strengir	41
Sá ég spóa.....	41
Hafið bláa hafið	42
Lóan er komin	42
Karl sat undir kletti	43
Fagurt syngur svanurinn	44
Bí bí og blaka	44

Sól sól skín á mig.....	45
Sá ég spóa.....	45
Gamlar vísur	46
Hann Tumi fer á fætur.....	47
Smaladrengrinn.....	47
Einsetumaður einu sinni.....	48
Kirie-Kirio	49
Blátt lítið blóm eitt er	50
Kvæðið um fuglana	51
Blessuð sólin elskar allt.....	52
Signir sól	52

Haust vísur og fleiri lög í leikskólastarfi

Könguló, könguló

Könguló, könguló,
bentu mér á berjamó.
Fyrir bláa berjapúfu
skal ég gefa þér gull í skó,
húfu græna, skarlatskikkju,
skúf úr silki' og dillidó.

Vikudagarnir

Sunnudagur og sitja saman.
Mánudagur og Manfreð bakar.
Þriðjudagur og þvott á snúru.
Miðvikudagur og mæðir á.
Fimmtudagur og fara í heimsókn.
Föstudagur og fullt að kaupa.
Laugardagur og laga til
1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 – dagar og kallast vika.

Dagavísa og mánaðavísa

Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,
miðvikudagur, fimmtudagur, föstudagur
og laugardagur og þá er vikan búin.

Janúar, febrúar, mars, apríl, maí,
júní, júlí, ágúst,
september, október, nóvember og desember.

Tröllalagið

Hérna koma nokkur risatröll, hó hó!
Þau öskra svo það bergmálar um fjöll hó hó!
Þau þramma yfir þúfurnar
svo fljúga burtu dúfurnar.
En bak við ský er sólin hlý í leyni.
Hún skín á tröll svo verða þau að steini!

Hver var að hlæja

Hver var að hlæja,
þegar ég kom inn?
Kannski það hafi verið kötturinn?
:,: Jæja, nú jæja, látum hann hlæja.
Kannski hann hlæi ekki í annað sinn :,:

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af illgirni. (klapp klapp klapp)

Við skýin erum bara að kíkja á leiki mannanna. (klapp klapp klapp)

Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúúpps, í rokinu
klædd gulum, rauðum, grænum, bláum regnkápum.

Eins og regnbogi meistarans,
regnbogi meistarans.

Við skýin erum bara grá, bara grá.

Á morgun kemur sólin,
hvar verðum við skýin þá?

Hvar þá, hvar þá, hvar þá, hvar þá,
hvar þá, hvar þá, hvar verðum við skýin þá?

Tröllin og ljónin

Hátt upp í fjöllunum þar búa tröllin.
Tröllumamma, tröllapabbi og litli tröllirölli.
Búúh! sagði tröllumamma.
Búúúh! sagði tröllapabbi.
En hann litli tröllirölli sagði bara „gúggú“!

Langt inn í skóginum þar búa ljónin.
Ljónamamma, ljónapabbi og litli ljónsi flónsi.
Urr, sagði ljónamamma.
Urrrr, sagði ljónapabbi.
En hann litli ljónsi fljónsi sagði bara „mjáá“!

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman
þar leika allir saman
leika úti og inni
og allir eru með.

Hnoða leir og lita
þið ættuð bara að vita
hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér.
Hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér.
!! KLAPPIR !!

A og B

A og B spott og spé,
grísinn galar upp í tré.
Lítil mús, til okkar fús,
kom og byggði hús.
Lamb í baði borðar súkkulaði,
hundur jarmar, galar grísinn hátt.
A og B spott og spé,
grísinn galar upp í tré.
Hróp og köll um víðann völl
og þá er sagan öll.

Hjólin á strætó

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring,
hring, hring, hring, hring, hring, hring.

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring,
út um allan bæinn.

Hurðin á strætó opnast út og inn,
út og inn, út og inn.

Hurðin á strætó opnast út og inn,
út um allan bæinn.

Peningarnir í strætó segja kling, kling, kling,
kling, kling, kling, kling, kling, kling.

Peningarnir í strætó segja kling, kling, kling,
út um allan bæinn.

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla,
bla, bla, bla, bla, bla, bla.

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla,
út um allan bæinn.

Krakkarnir í strætó segja hí, hí, hí,
hí, hí, hí, hí, hí, hí.

Krakkarnir í strætó segja hí, hí, hí,
út um allan bæinn.

Bílstjórinn í strætó segir uss, uss, uss,
uss, uss, uss, uss, uss, uss.

Bílstjórinn í strætó segir uss, uss, uss,
út um allan bæinn.

Gull og perlur

Gulli og perlum að safna sér,
sumir endalaust reyna.

Vita ekki að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekkert að gefa þér
og gimsteina ekki neina.

En viltu muna að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti

kallar á nafna sinn.

Ég fann höfuð af hrúti,

hrygg og gæruskinn.

∴ Komdu nú og kroppaðu með mér,

krummi nafni minn ∴∴

Fingrapula

Þumalfingur er mamma,
sem var mér vænst og best.

Vísifingur er pabbi,
sem gaf mér rauðan hest.

Langatöng er bróðir,
sem býr til falleg gull.

Baugfingur er systir,
sem þrjónar sokka úr ull.

Litlifingur er barnið,
sem leikur að skel.

Litli þínu anginn,
sem stækkar svo vel.

Hér er allt fólkið
svo fallegt og nett.

Fimm eru á bænum,
ef talið er rétt.

Ósköp væri gaman
í þessum heim,
ef öllum kæmi saman
jafn vel og þeim.

Kisutangó

Mín kisa á vökul eyru
og veiðihár og rófu
og viðkvæmt lítið trýni
hún sleikir oft og þvær.
Hún unir dátt við leiki
og aldrei sýnir klær
og engin kisa í heimi
á svo fimar tær.

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
hún teygir sig og reigir og er svo fött og brött.
Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
ég trúað gæti að margir vildu eiga slíkan kött!
Tra - lala-lala-la - mjá-á-á!

Do re mí

Do er döldil lukka´ og lán
Re er rest af kökusneið
Mí er mý á mykjuskán
Fa er falleg gönguleið
So er sona bros á vör
La er næst á eftir svo
Tí er tígulbaka og smjör
og svo tökum við frá do-ho-ho-ho

Hvert er horfið laufið?

Hvert er horfið laufið sem var grænt í gær?

Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær.

Blöðin grænu hafa visnað, orðin gul og rauð.

Ef ég horfi miklu lengur verður hríslan auð.

Nú er ís á vatni sem var autt í gær.

Yfir landið hélugráum ljóma slær.

Ég brýt heilann um það, segðu mér hvað heldur þú,

kemur haustið fyrst á morgun, er það komið nú?

Nú er grettin jörðin, eins og gamalt skar.

Sjást nú gráar hærur þar sem grasið var.

Yfir fyrrum gróna bala liggja frosin spor.

Ég verð kuldatíð að þola þar til kemur vor.

Sumri hallar

Íslenskt þjóðlag/þjóðvísur

Sumri hallar, hausta fer,
heyri snjallir ýtar,
hafa fjallahnjúkarnir
húfur mjallahvítar.

Girnast allar elfur skjól
undir mjallar þaki,
þorir varla að sýna sól
sig að fjallabaki.

Verður svalt því veðrið er breytt,
vina eins er geðið,
þar sem allt var áður heitt,
er nú kalt og freðið.

Ég get verið þíðan þín
þegar allt er frosið.
Því sólin hún er systir mín
sagði litla brosið.

Út um mó

Út um mó, inn í skóg,
upp í hlíð í grænni tó.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Tína þá berjablá
börn í lautu til og frá.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Ef okkur langar lífið að léttu

Ef okkur langar lífið að léttu,
svona gerum við það.
Brosum blítt og beygjum fætur og
hristum hausinn, hristum rassinn,
hristum okkur öll.
Setjum hendur út, slá á mallakút
og svo setjum við á munninn stút. *(setja stút á varir og smella x3)*

Sigling

Alli, Palli og Erlingur þeir ætla að fara að sigla,
vantar vænan bát, en vita afbragðs ráð.

Þeir fundu gamalt þvottafat, sem farið var að mygla,
sigla út á sjó og syngja: "hæ, hæ, hó".

Seglið var úr afar stórum undirkjól,
mastrið það var skófluskaf og skútan lak og valt.

Og hæ og hó og hæ og hó og hí,
skítt með það, við skulum komast fyrir því.

Alli vildi ólmur til Ameríku fara,
en Palli sagði Portúgal er þýðis land.

Ertu frá þér Palli, nú ætlum við að spara,
siglum beint og stefnum beint á Grænlandssand.

Ertu frá þér Erlingur þú ert að fara í kaf,
hatturinn þinn fýkur af og feykist út á haf.

∴ Og hæ og hó og hæ og hó og hí
skítt með það við skulum komast fyrir því. ∴∴

Komdu nú með inn í álfanna heim

Komdu nú með inn í álfanna heim
þar sem ekkert er eins og það sýnist.
Þar takast á öflin úr veröldum tveim
og örlítill tannálfur týnist.

Viðlag

Og við svífum úr heimi í heim,
ekkert fær okkur nú stöðvað.
Og við svífum úr heimi í heim,
viltu' ekki koma með mér?

Ferðumst á snjóhvítum svan yfir fjöll
og syngjum um það sem við sjáum.
Berjumst við dreka og dökkálfa og tröll
sem dveljast í hellinum háum.

Viðlag (x2)

Bátasmiðurinn

Ég negli og saga og smíða mér bát
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.
Og báturinn vaggar og veltist um sæ,
ég fjörugum fiskum með færinu næ.

Við erum söngvasveinar

Við erum söngvasveinar á
leiðinni út í lönd.

Við erum söngvasveinar
á leiðinni út í lönd.

Við leikum á flautu,
skógarhorn og skógarhorn.

Leikum á flautu,
fiðlu og skógarhorn.

Klói Kattarskrækur

Ég heiti Klói Kattarskrækur

í kofa stórum ég bý. (hviss)

Um stræti læðist léttur, sprækur

og læt fólk kenna á því. (hviss)

Ég skelfi hér alla: búmm, búmm!

Konur og karla: mjááá...

Duruddu ruddu ruddururu, duruddu rurururu.... (hviss)

Vetrarvísur og fleiri lög í leikskólastarfi

Fiskarnir tveir

Hafið þið heyrt söguna um fiskana tvo,
sem ævi sína enduðu í netinu svo?
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!
Baba, búbú, baba, bú!
Baba, búbú, baba, bú!
Þeir syntu og syntu og syntu út um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Annar hét Gunnar en hinn hét Geir,
þeir voru pínulitlir báðir tveir.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!
Baba, búbú, baba, bú!
Baba, búbú, baba, bú!
Þeir syntu og syntu og syntu út um allt
en mamma þeirra sagði: Vatnið er kalt!

Flakið

Á bólakaf í sjó,
langt frá ströndu lands,
þar urðu örlög mín,
að grafast niður í sand.

Skjálfti fer um reiða,
skjálfta fylgir brak,
ég er eitt draugaflak.

(sungid x2)

Lítill heimur

Það er gott að vera sem gleðin býr,
þar sem gerast sögur og ævintýr.

Svona er veröldin okkar
sem laðar og lokkar,
svo ljúf og hýr.

Lítill heimur ljúfur hýr,
lítill heimur ljúfur hýr,
lítill heimur ljúfur hýr
eins og ævintýr.

Krúsilíus

Kannast þú við köttinn minn,
hann klókur er og besta skinn.

Hann er stærri en hestur og stærri en hús.

Kötturinn minn heitir Krús.. Krús.. Krús..

Krúsilíus, Krúsilíus.

Hann er gulur og grænn og blár,
galdraköttur í húð og hár.

Og ég veit hvað hann syngur og víst er það satt,
að Krúsilíus hann á köflóttan hatt.

Hann Krúsilíus, Krúsilíus.

Krúsilíus kynlegur er

og klórar oft í tærnar á mér.

Hann vill aldrei fisk, er með væl og pex
og segist bara vilja súkkulaðikex.

Krúsilíus, Krúsilíus

Og ekki nennir hann að elta mýs,
því alla daga vill hann rjómaís.

Og hann er alltaf að stækka en enginn það sér,
því Krúsilíus býr í kollinum á mér.

Hann Krúsilíus, Krúsilíus, Krúsilíus.

Geimlagið

(er á youtube - Guðjón Karls og Vignir Snær)

Það stírnir á stjörnur í dag,
stórar og litlar, syngja þær lag
Geimurinn geymir leyndarmál,
gleður bæði auga og sál.

Reikistjörnurnar reika um allt,
ringlaðar snúast hring eftir hring.
Góð og glöð þótt úti sé kalt,
góni ég upp, dansa og syng:

Viðlag

Merkúr, Venus, Jörðin, Mars
birtu fá frá sól.
Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus
fjarlægum himnaból.

Það stírnir á stjörnur í dag,
stórar og litlar, syngja þær lag
Geimurinn geymir leyndarmál,
gleður bæði auga og sál.

Reikistjörnurnar reika um allt,
ringlaðar snúast hring eftir hring.
Góð og glöð þótt úti sé kalt,
góni ég upp, dansa og syng:

Viðlag

Merkúr, Venus, Jörðin, Mars
birtu fá frá sól.
Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus
fjarlægum himnaból

næsta síða →

Millikafli

∴Stjörurnar eru alls staðar,
stjörurnar lýsa upp himinninn.∴∴

Viðlag

∴Merkúr, Venus, Jörðin, Mars
birtu fá frá sól.
Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus
fjarlægum himnaból.∴∴

Lonnietturnar

Ég lonnietturnar lét á nefið
svo lesið gæti ég frá þér bréfið.
Ég las það oft og mér leiddist aldrei
og lifað gæti ég ei án þín.
∴∴ Tra la la la la la ljúfa ∴∴
Ég las það oft og mér leiddist aldrei
og lifað gæti ég ei án þín.

Nú skal syngja um dýrin

Nú skal syngja um kýrnar
sem baula hátt í kór,
þær gefa okkur mjólkina
svo öll við verðum stór.
Mjólk, mjólk, mjólk, mjólk, mjólk!
Mu mu mu, mu mu mu mu mu ...

Nú skal syngja um hænsnin
sem gagga endalaust
þau gefa okkur eggin
svo öll við verðum hraust.
Egg, egg, egg, egg, egg!
Ga ga gó, ga ga ga ga gó ...

Nú skal syngja um lömbin
sem jarma sætt og blítt
þau gefa okkur ullina
svo okkur verði hlýtt.
Ull, ull, ull, ull, ull!
Me me me, me me me me me ...

Tveir kettir

Tveir kettir sáu uppi á skáp,

kritti-vitte-vitt-bom-bom

og eftir mikið gón og gláp,

kritti-vitte-vitt-bom-bom.

Þá sagði annar "kæri minn"

kritti-vitte-vitte-vitte-vitt-bom-bom,

"við skulum skoða gólfdukin",

kritti-vitte-vitt-bom-bom.

Og litlu síðar sagði hinn:

kritti-vitte-vitt-bom-bom

"komdu aftur upp á ísskápinn"

kritti-vitte-vitt-bom-bom.

En í því glas eitt valt um koll,

kritti-vitte-vitte-vitte-vitt-bom-bom,

og gerði á gólfið mjólkurpoll,

kritti-vitte-vitt-bom-bom.

Þá sagði fyrri kötturinn:

kritti-vitte-vitt-bom-bom.

"æ heyrðu, kæri vinur minn",

kritti-vitte-vitt-bom-bom.

"við skulum hoppa niður á gólf",

kritti-vitte-vitte-vitte-vitt-bom-bom,

"og lepja mjólk til klukkan tólf",

kritti-vitte-vitt-bom-bom.

Nammilagið

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmí
rosalegt fjör væri þá
Ég halla mér aftur rek tunguna út.
e- ee-e-ee-e-ee-e-e (með tunguna úti)
rosalegt fjör væri þá.

Ef snjórinn væri úr sykurlúð og poppi,
rosalegt fjör væri þá.
Ég halla mér aftur rek tunguna út.
E-ee-e-ee-e-ee-e-e (með tunguna úti)
rosalegt fjör væri þá.

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó
rosalegt fjör væri þá.
Ég halla mér aftur rek tunguna út.
E-ee-e-ee-e-ee-e-e (með tunguna úti)
rosalegt fjör væri þá.

Ef rokið væri úr svörtum lakkrísreimum
rosalegt fjör væri þá.
Ég halla mér aftur rek tunguna út.
E-ee-e-ee-e-ee-e-e (með tunguna úti)
rosalegt fjör væri þá.

Lítið lasið skrímsli

Ég er lítið lasið skrímsli
og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik
og mig vantar snýtuklút.
Ég er orðinn upplitaður,
ég er orðinn voða sljór.
Ég held ég hringi í lækni
því að halinn er svo mjór.

Viðlag

Skrímsli eru eins og krakkar,
ósköp vesæl ef þau næla sér í kvef.
Hver er hræddur við skrímsli
sem er hóstandi og með stíflað nef?

Augun mín, þau standa á stilkum,
annað starir út í vegg,
og ég held að aldrei aftur
muni á mér vaxa skegg.
Ó, mamma, elsku mamma,
nú ég meðal verð að fá,
glás af iðandi ormum,
annars kemst ég ekki á stjál!

Viðlag x 2

Hresstu þig við

Hresstu þig við ,

liðkaðu lið.

Dúddelí-dú, dúddelí-dú.

Laust og létt,

liðugt og nett.

Dúddelí-dú, dúddelí-dú.

Láttu nú hendurnar hraðara ganga,

hreyfðu nú á þér skankana langa.

Dúddelí-dú, dúddelí-dú.

Við byrjum aftur nú. *(endurtekið oft og hraðara í hvert sinn!)*

Drekalagið *(Skrímslið litla systir mín)*

Sjáðu mig mamma er ég ekki hetja

ég þori að sitja á bakinu á dreka.

Ég ætla að fara vestur fyrir mána.

Til vonar og vara tylli ég mér á tána.

Norðan við pól sérðu norðurljósinn sveima.

Austan við sól eiga ævintýrin heima.

Hlusta nú (*Skrímslið litla systir mín*)

Lærðu að hlusta með hjartanu.

Lærðu að hlusta með maganum.

Lærðu að fylgja slættinum í regninu.

Hlusta nú... ú-ú-ú

Heyr hvernig vindurinn gnauðar nú. (ú-ú-ú)

Hlustaðu og leiðina finnur þú. (ú-ú-ú)

Lærðu að fylgja slættinum í hjartanu.

Hlusta nú... ú-ú-ú

Horfðu yfir dalinn og fjöllin blá.

Þar búa álfar og tröllin há.

Þau bíða og kalla á þig nú. Heyrir þú?

Hlusta nú... ú-ú-ú

Frost er úti

Frost er úti fuglinn minn

ég finn hvað þér er kalt.

Nærðu engu í nefið þitt

því nú er frosið allt.

En ef þú bíður augnablik

ég ætla að flýta mér

og biðja hana mömmu mína

um mylsnu handa þér.

Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina
faldi þá alla vildi þeim leynd,
huldi þar í hellisskúta heilla steina
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina
lengur ei man ég óskina neina,
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa eða drengur,
silfurskæra kristalla með grænu og gráu
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

Takk fyrir mig

Lag & texti: Ragnheiður Sara Grímsdóttir

Takk fyrir mig
og verði mér að góðu.

Takk fyrir mig
og verði mér að góðu.

Ég þakka fyrir matinn
sem ég fæ í dag.

Ég þakka fyrir matinn
sem ég fæ í dag.

Ég langömmu á

Ég langömmu á sem að létt er í lund,
hún leikur á gítar hverja einustu stund.
Í sorg og í gleði hún leikur sitt lag,
jafnt sumar sem vetur, jafnt nótt sem dag.
Dag einn er kviknað í húsinu var
og brunaliðsbíllinn kom æðandi að,
og eldurinn bálað' um glugga og göng,
sat sú gaml' upp á þaki og spilaði' og söng.
Spilaði' og söng, spilaði' og söng,
sat sú gaml' upp á þaki og spilaði' og söng.
Spilaði' og söng, spilaði' og söng,
sat sú gaml' upp á þaki og spilaði' og söng.

Myndin hennar Lísu

Gult fyrir sól, grænt fyrir líf,
grátt fyrir þá sem reka menn út í stríð.
Hvít fyrir börn, sem biðja um frið
biðja þess eins að mega lifa eins og við
er ekki jörðin fyrir alla.

Taktu þér blað, málaðu á það
mynd þar sem allir eiga öruggan stað
augu svo blá, hjörtu sem slá
hendur sem fagnar halda frelsinu á.
Þá verður jörðin fyrir alla.

Á Sprengisandi

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell.

Hér á reiki er margur óhreinn andinn,
úr því fer að skyggja á jökulsfell.

∴ Drottinn leiði drösulinn minn
drjúgur verður síðasti áfanginn. ∴∴

Þei, þei, þei, þei, þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm.

∴ Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski að smala fé á laun. ∴∴

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga á Herðubreið.
Álfadrottning er að beisla gandinn,
ekki er gott að verða á hennar leið.

∴ Vænsta klárinn vildi ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil. ∴∴

Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá

kaldri vetrarnóttu á,

∴ verður margt að meini, ∴∴

Fyrr en dagur fagur rann

freðið nefið dregur hann

∴ undan stórum steini ∴∴

Allt er frosið úti gor,

ekkert fæst við ströndu mor

∴ svengd er metti mína, ∴∴

Ef að húsum heim ég fer

heimafrakkur bannar mér

∴ sepp úr sorpi að tína. ∴∴

Öll er þakin ísi jörð

ekki séð á holtaborð

∴ fleygir fuglar geta, ∴∴

En þó leiti út um mó,

auða hvergi lítur tó

∴, hvað á hrafn að eta? ∴∴

Næsta síða →

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel
:,: flaug úr fjallagjótum, :,:
Lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrr en vakna hjú,
:,: veifar vængjum skjótum. :,:

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá
:,: fyrrum frá á velli, :,:
Krunk, krunk, nafnar, komið hér
krunk, krunk því oss búin er
:,: krás á köldu svelli. :,:

Þorrapræll

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð.
kveður kuldaljóð,
Kári´ í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakapil
hlær við hríðarbyl
hamragil.

Næsta síða →

Mararbára blá
brotnar þung og há
unnarsteinum á
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn.
harmar hlutinn sinn
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann
hryggur búandinn:
“Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin.” -
Nú er hann enn að norðan,
næðir kuldaél
yfir móa´ og mel,
myrkt sem hel.”

Bóndans býli á
björtum þeytir snjá.
hjúin döpur hjá
honum sitja þá.
Hvítleit hingaskorðan
huggar manninn trautt:
Brátt er búrið autt,
búíð snautt.

Þögull þorri heyrir
þetta harmakvein,
en gefur grið ei nein,
glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir,
alla fjær og nær
kuldaklónum slær
og kalt við hlær:

“Bóndi minn, þitt bú
betur stunda þú.
Hugarhrelling sú
er hart þig þjakar nú,
þá mun hverfa ´en fleiri
höpp þér falla í skaut.
Senn er sigruð þraut,
ég svíf á braut

Veturinn

Heill sértu vetur,

klakakonungstetur.

Blástu úr skeggi skæðum hríðum,

skrýddur ísakufli víðum.

Heill sértu vetur, klakakonungstetur. (smell, smell, smell, smell)

Hvar býrðu vetur,

klakakonungstetur?

"Þar sem ísbjörn er á sveimi,

yst og nyrst í jötunheimi".

Þar býrðu vetur,

Klakakonungstetur. (smell, smell, smell, smell)

Heill sértu vetur,

klakakonungstetur.

Upp í fenntum fjallahlíðum

fjöldi barna er á skíðum.

Þökk sé þér vetur,

Klakakonungstetur. (hneygja sig/taka hattinn ofan)

Íslenskuljóðið

Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var.
Og hún á orð sem geyma gleði og sorg,
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál,
þar vex og grær og dafnar okkar mál.
:;Að gæta hennar gildir hér og nú,
það gerir enginn - nema ég og þú.:;

Nú sefur jörðin

(Davíð Stefánsson frá Fagraskógi/lag: Daníel Þorsteinsson) (Spotify - Kammerkór Norðurlands á svörtum fjöðrum)

Nú sefur jörðin sumargræn.
Nú sér hún rætast hverja bæn
og dregur andann djúpt og rótt
um draumabláa júlínótt.

Við ystu hafsbrún sefur sól,
og sofið er í hverjum hól.
Í sefi blunda svanabörn
og silungur í læk og tjörn.

Nú sofa menn og saklaus dýr.
Nú sofa dagsins ævintýr.
Nú ríkir þögn við ysta ós,

svo ekkert vekur Þyrnirós.

Hún er amma mín (*Friðrik Ómar og Jógvan*)

Ömmur segja börnunum sögur lon og don
en mín segist elska Harley Davidson.

Á fægðu mótórhjóli flengist út á veg
en flestir eru að segja að hún sé ekki ömmuleg.
En hún er amma mín....

Gamlir karlar fjasa um fiskerí og slor
en afi fékk splunkunýtt trommusettt í vor.
Hann smíðaði sér gítar úr smurolíutrekt
og smáu börnin segja að það sé ekki afalegt.
En hann er afi minn.....

Ef mamma er inni í eldhúsi alveg gæti skeð
ef erum við í fótbolta hún vilji spila með.
Hún hleypur út á völl og hrópar „gef´ann hér er ég“
hin börnin segja að hún sé ekki mömmuleg.
En hún er mamma mín.....

Pabbar fara á sjóinn eða sýsla út í skúr
sjálfur ætlar minn að byggja fiskabúr
og kafa þegar hann hefur kjallaranum drekktt
en krökkunum þeim finnst það ekki vera pabbalegt
En hann er pabbi minn.....

Ef sérðu krókódíl

Ef að sérðu krókódíl í þínu baðkeri
vertu ekki við hann hræddur sýndur hugrekki
og bjóddu honum inn í stofu
þar að snæðingi.

Ef að situr stærðar górilla í geymslunni
skaltu taka því með ró þú veist af reynslunni
að ef hún fær tvo banana
hún sýnir kurteisi.

Ef að liggur stærðar ljón á þínu skrifborði
skaltu ekki kalla á mömmu þína í ofboði
heldur klappa því á bakið
svo það steinsofni.

Vor- og sumarlög í leikskólastarfi

Strengir

Steinarnir eru strengir,
strengina vatnið knýr.
Gaman það væri' að vita
hvað í vatnsins huga býr.
Hvaðan skyldi það koma
hvert er heitið þess ferð!
Síðar á öldum söngsins
samferða því ég verð.
Lyngið á líka strengi,
leikur blærinn á þá
söngva sorgar og gleði
er í sálum kveikja þrá.
Vorljóð draums og vonar
veröldin syngur öll.
Berast vil ég með blænum
burt yfir hæstu fjöll.
La la la ...

Sá ég spóa

Sá ég spóa suður' í flóa,
syngur lóa úti í móa:
"Bí, bí, bí, bí."
Vorið er komið víst á ný.

Hafið bláa hafið

Hafið bláa hafið, hugann dregur
Hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur.
Bíða mín þar æsku drauma lönd.
Beggja skauta byr bauðst mér aldrei fyrr.
Bruna þú nú, bátur minn.
Svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum.
Fyrir stafni haf og himinninn.

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn.
Að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,
hún hefur sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Karl sat undir kletti

Karl sat undir kletti
og kordur sínar sló,
hann hafði skegg svo skrítið
og skögultönn og hló.
Hann hafði skegg svo skrítilegt
og skögultönn og hló.

Huldan upp í hamri
heyrði ljúfan klið,
hún læddist út úr hamri
og lagði eyrun við.
Hún læddist út úr hamrinum
og lagði eyrun við.

Síðan hefur hvorugt
hér um slóðir sést.
Sá gamli var víst ekki
eins gamall og hann lést.
Sá gamli var víst ekki nærri'
eins gamall og hann lést.

Fagurt syngur svanurinn

Þjóðlag

Fagurt syngur svanurinn
Um sumarlanga tíð,
Þá mun lyst að leika sér
Mín liljan fríð.
Fagurt syngur svanurinn
Í sóleyjarhlíð

Bí bí og blaka

Bí, bí og blaka,
álftirnar kvaka,
ég læt sem ég sofi,
en samt mun ég vaka.
Bíum bíum bamba,
börnin litlu ramba
fram um fjalla kamba
að leita sér lamba.

Sól sól skín á mig

Sólin er risin, sumar í blænum
sveitin að klæðast úr feldinum grænum.

Ómar allt lífið af yndi og söng
unaðs björtu dægrin löng.

Sól sól skín á mig,
ský ský burt með þig,
gott er í sólinni að gleðja sig,
sól sól skín á mig.

Blóm-brekkur skrautlegar iðandi anga
andblærinn gælir við marglita vanga.

Ómar allt lífið af yndi og söng
unaðs björtu dægrin löng.

::Sól sól skín á mig,
ský ský burt með þig,
gott er í sólinni að gleðja sig,
sól sól skín á mig.::

Sá ég spóa

Sá ég spóa

Suður í flóa

Syngur lóa út um móa

"Bí, bí, bí, bí"

Vorið er komið víst á ný

Gamlar vísur

Fuglinn segir bí, bí, bí,
bí, bí segir Stína;
kveldúlfur er kominn í
kerlinguna mína.

Fljúga hvítu fiðrildin
fyrir utan glugga.
Þarna siglir einhver inn
ofurlítill dugga.

Afi minn og amma mín
úti' á Bakka búá.
Þau eru bæði sæt og fín,
þangað vil ég fljúga.

Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður' á bæi,
sækja bæði sykur og brauð,
sitt af hvoru tagi.

Sigga litla systir mín
situr úti' í götu,
er að mjólka ána sín
í ofurlitla fötu.

Hann Tumi fer á fætur

Hann Tumi fer á fætur
við fyrsta hanagal,
að sitja yfir ánum
lengst inn í Fagradal.

Hann lætur hugann líða
svo langt um dali og fjöll
því kóngur vill hann verða
í voða stórri höll.

Og Snati hans er hirðfífl
og hrútur ráðgjafinn,
:,: og smalahóll er höllin,
en hvar er drotningin? :,:

Smaladrengurinn

Út um græna grundu
gakktu, hjörðin mín.
Yndi vorsins undu.
Ég skal gæta þín.

Sól og vor ég syng um,
snerti gleðistreng.
Leikið, lömb, í kringum
lítinn smaladreng.

Einsetumaður einu sinni

(Spotify - Ylja / Þursaflokkurinn)

Einsetumaður einu sinni
Út rjeð ganga af skemmu sinni
Lund er sagt hann fyrir sjer finni
Fjaðra veifir sat þar á;
Fagurt galaði fuglinn sá
Hann söng þar uppi á sáðbjörkinni
Sætt í þessum lundi
Listamaðurinn lengi þar við undi.

Sá við fuglinn svo rjeð inna;
Senn mun mál til húsa minna,
Dagurinn mun ljúfur linna,
Lystir mið því heim að ná;
Fagurt galaði fuglinn sá
Jeg hinkra vegna hljóða þinna
Helzt í þessum lundi
Listamaðurinn lengi þar við undi.

Þúsund ára þinna hagar
Þar finnst ekki lengri en dagur,
Engla söngurinn yfrið fagur;
Oss lát þangað drottinn ná;
Fagurt galaði fuglinn sá
Upp í naust fer bágur bragur.
Boðnar hafs af sunði;
Listamaðurinn lengi þar við undi.

Kirie-Kirio

Mig langar svo mikið í sund, mamma.

Nei elskan, ekki' í dag!

Mig langar í nammi og ís, mamma.

Nei ástin, ekki' í dag!

Þú sagði það sama í gær, mamma.

Ég segi það líka í dag!

Hvenær má ég það þá, mamma?

Kannski um helgina!

Kiri-kirie, kiri-kirio

kiri-kiri-kir, kiri-kir, mamma.

Kiri-kirie, kiri-kirio

kiri-kiri-kir, kiri-kir, mamma.

Mig langar svo mikið í bíó, pabbi.

Nei elskan, ekki' í dag!

Mig langar í pylsu og gos, pabbi.

Nei ástin, ekki' í dag!

Þú sagði það sama í gær, pabbi.

Ég segi það líka í dag!

Hvenær má ég það þá, pabbi?

Kannski um helgina!

Kiri-kirie, kiri-kirio

kiri-kiri-kir, kiri-kir, pabbi.

Kiri-kirie, kiri-kirio

kiri-kiri-kir, kiri-kir, pabbi.

Næsta síða →

Mig langar svo mikið í pizzu, mamma.

Nei elskan, ekki' í dag!

Mig langar að fara í tölvu, mamma.

Nei ástin, ekki' í dag!

Þú sagði það sama í gær, mamma.

Ég segi það líka í dag!

Hvenær má ég það þá, mamma?

Kannski um helgina!

Kiri-kirie, kiri-kirio

kiri-kiri-kir, kiri-kir, mamma.

Kiri-kirie, kiri-kirio

kiri-kiri-kir, kiri-kir, mamma.

Blátt lítið blóm eitt er

Blátt lítið blóm eitt er,
ber nafnið gleymdu' ei mér.

Væri ég fleygur fugl,
flygi ég til þín.

Svo mína sálu nú
sigraða hefur þú,
engu ég unna má
öðru en þér.

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Blessuð sólin elskar allt

Blessuð sólin elskar allt,
allt með kossi vekur,
haginn grænn og hjarnið kalt
hennar ástum tekur.
Geislar hennar út um allt,
eitt og sama skrifa,
á hagan grænan, hjarnið kalt:
Himneskt er að lifa!

Signir sól

Signir sól sérhvern hól,
sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð björt og fríð
blika fjalls í hlíð.
Nú er fagurt flest í dag,
fuglar syngja gleðibrag.
Sumar ljóð, sæl og rjóð
syngja börnin góð.